


# UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA YTRA MATS 2019



HEILSULEIKSKÓLINN SUÐURVELLIR

## Inngangur

Í september 2019 fór fram ytra mat á Heilsuleikskólanum Suðurvöllum. Matið var unnið af starfsmönnum Menntamálastofnunnar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þeir matsþættir sem teknir voru fyrir eru: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðiþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Niðurstöður úttektarinnar komu fram í skýrslu sem gefin var út í nóvember 2019. Þar er samantekt á styrkleikum í starfi leikskólans og bent er á tækifæri til umbóta. Starfsmenn skólans, bæjarstjórn, bæjarstjóri og fræðslunefnd fengu kynningu á niðurstöðum úttektarinnar.

Fram kom að á Heilsuleikskólanum Suðurvöllum fer fram gott og metnaðarfullt leikskólastarf. Mikil sátt er um stefnu leikskólans meðal starfsmanna og foreldra og stefnan birtist vel í starfinu. Foreldrar eru ánægðir með leikskólann og telja að börnunum líði þar vel. Gott skipulag er í allri stjórnun og verkferlar til fyrirmyndar. Allir starfsmenn eru virkjaðir til þátttöku í ákvarðanatöku og mati. Skólabragur og starfsandi er mjög góður og starfsfólki líður vel í starfi, er ánægt með stjórnun leikskólans og þykir störf sín metin að verðleikum. Tækifæri til úrbóta liggja aðallega í því að bæta lýðræðislega þátttöku barna og aðkomu þeirra að mati á skólastarfi.

Hér er sett fram tímasett umbótaáætlun sem unnin er af starfsfólki Suðurvalla og hún kynnt foreldraráði og fræðslunefnd.

Fyrir hönd Suðurvalla vil ég þakka úttektaraðilum gott samstarf og fyrir þær ábendingar sem fram komu. Úttektin er afar gagnleg fyrir skólastarfið og þróun þess.

María Hermannsdóttir, leikskólastjóri Suðurvalla.

Umbótaþáttur, tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Leikskólinn og umhverfi hans</b>					
Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara, því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara.	Auglýsa reglulega eftir leikskólakennurum til starfa. Starfsfólk leikskólans er hvatt til að fara í réttindanám og fá til þess stuðning. Sveitarfélagið greiðir viðkomandi dagvinnulaun miðað við starfshlutfall þann tíma sem hann sækir staðbundnar námslotur og vettvangsnám.	Apríl 2020.  Hófst í september 2019.	Þegar hlutfalli er náð.  Ótímabundið.	Leikskólastjóri.  Leikskólastjóri.	Mars árlega er hlutfall stöðugilda metið.  Júní árlega. Fjöldi nema og framvinda náms metin.
Áfram þarf að leita leiða til að ráða leikskólakennara í deildarstjórastöður.	Auglýsa reglulega eftir deildarstjórum.	Apríl 2020.	Þegar deildarstjórastöður eru mannaðar leikskólakennurum.	Leikskólastjóri, Aðstoðarleikskólastjóri.	Mars árlega. Skoða hlutfall leikskólakennara í deildarstjórastöðum.
Brýnt er að lagfæra húsnæði til að koma í veg fyrir leka.	Farið verður í þakviðgerðir.	Maí 2020.	Haust 2020.	Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar.	Júní 2021, metið hvort borið hafi á leka.
Bæta má aðbúnað í fataklefum s.s. með skógrindum.	Leitað verður leiða til að bæta aðbúnað í fataherbergjum.	Júní 2020.	Janúar 2021.	Starfsfólk deilda.	Foreldrakönnun, apríl 2021.
Ganga má betur frá gúmmímottum á lóð.	Festa á mottur betur niður og laga undirlag þar sem þörf er.	Júlí 2020.	Ágúst 2020.	Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar.	Maí 2021, meta hvernig motturnar koma undan vetri.

Umbótaþáttur, tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Stjórnun</b>					
Fræðslunefnd mætti sýna meira frumkvæði í að kalla eftir málefnum frá leikskólanum.	Á fundi fræðslunefndar mætti fara yfir Erindisbréf fræðslunefndar og rýna í hlutverk nefndar.	Mars 2020.	Mars 2020.	Formaður fræðslunefndar.	Mars 2020: Fundargerð fræðslunefndar.
Kynna mætti verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra fyrir starfsfólki.	Kynna skriflega verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra fyrir starfsfólki á starfsmannafundi.	Nóvember 2019.	Nóvember 2019.	Leikskólastjóri.	Lokið: Fundargerð starfsmannafundar 5. nóvember 2019.
Leita þarf leiða til að fá foreldra til að taka þátt í gerð skólanámskrár.	<p>Á fundi með foreldraráði verður rætt um aðkomu foreldra á vinnu við að uppfæra skólanámskrá.</p> <p>Skólanámskrá er uppfærð á tveggja ára fresti, næst haustið 2021. Hugmyndir foreldraráðs og starfsmanna verða nýttar sem leiðir til að hvetja foreldra til þátttöku.</p>	Júní 2020.	Haust 2021.	Leikskólastjóri, Matsteymi, Foreldraráð.	Þátttaka foreldra metin þegar skólanámskrá verður uppfærð haustið 2021.

Við endurskoðun á skólanámskrá þarf að gera betur grein fyrir hvaða upplýsingar fylgja börnum þegar þau flytjast í grunnskóla eða á milli leikskóla.	Skólanámskrá Suðurvalla verður uppfærð með það í huga að gera betur grein fyrir hvaða upplýsingar fylgja börnunum þegar þau flytjast í grunnskóla eða á milli leikskóla.	Febrúar 2020.	Maí 2020.	Sérkennslustjóri.	Júní 2020. Auka uppfærsla á skólanámskrá einungis með þennan þátt í huga.
Leita þarf leiða til að fá fram þátttöku barna í gerð skólanámskrár.	Faghópur og matsteymi ákveða hvaða leiðir á að fara og innleiða þær.	Ágúst 2020.	Maí 2021.	Faghópur, Matsteymi.	Júní 2021. Matsteymi metur hvernig gekk.
Uppfæra mætti áætlun læsisstefnu sem er síðan 2016–2017.	Læsisstefna Suðurvalla verður uppfærð.	Ágúst 2020.	September 2020.	Læsissteymi.	Október 2020. Uppfærð læsisstefna verður birt á heimasíðu leikskólans.

Umbótapáttur, tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Uppeldis og menntastarf</b>					
Æskilegt er að bæta aðgengi barnanna á yngri deildum að leikefni og hafa leikföng og annan efnivið í þeirra hæð.	Brugðist hefur verið við ábendingunni og leikefni er komið í hæð barnanna.	Janúar 2020.	Febrúar 2020.	Deildarstjórar.	Lokið.
Skoða þarf skipulag á yngri deildum með það í huga að í skipulögðum stundum sé börnunum skipt í minni hópa og að verkefnin séu við hæfi.	Börnum á yngri deildum er nú skipt í minni hópa.	Janúar 2020.	Febrúar 2020.	Deildarstjórar.	Lokið.
	Deildir vinna áætlun um innihald samverustunda.	Febrúar 2020.	Febrúar 2021.	Deildarstjórar.	Mars 2021. Áætlun útgefin.
Æskilegt er að gera stafróf og tölustafi sýnilegt í umhverfinu.	Brugðist hefur verið við ábendingunni. Tölustafir og stafróf er nú sýnilegt í umhverfinu.	Janúar 2020.	Febrúar 2020.	Starfsmenn deilda.	Lokið.
Vinna ætti að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni.	Fram fer ígrundun og fræðsla um hvernig efla má enn frekar lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni.	Haust 2020.	Maí 2021 Vinna svo markvisst áfram.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri.	Maí 2021. Viðmið og vísbendingar (gæðamatskvarði)

Æskilegt væri að endurskoða og skrá gildandi reglur í leikskólanum með aðkomu barnanna.	Deildir vinna myndrænar reglur með börnunum og hafa þær sýnilegar og í hæð barnanna.	Ágúst 2020.	Janúar 2021.	Deildarstjórar.	Febrúar 2021. Metið lokið/ólókið.
Gera mætti skapandi starfi hærra undir höfði með því að hafa verk barnanna sýnilegri.	Hengja á verk barnanna upp í þeirra hæð.  Halda árlega sýningu á verkum barnanna á sumarhátíð leikskólans.	Janúar 2020.  Júní 2020.	Janúar 2021. Markvisst áfram	Hópstjórar.	Febrúar 2021. Matsteymi metur.
Auka mætti búnað og tæki til vísindastarfa.	Fræðsla og umræða í starfsmannahópnum um vísindastarf í leikskóla.  Hugmyndabanki unnin í kjölfarið og metið hvort/hvaða búnað og tæki vantar til vísindastarfa. Búnaður og tæki aukin eftir þörfum.	September 2020.	Maí 2021.	Skólastjórnendur.	Maí 2021. Metið, matstæki - Viðmið og vísbendingar (gæðamatskvarði)

Umbótapáttur, tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Foreldrasamvinna og ytri tengsl</b>					
Áfram ætti að leita leiða til að hvetja foreldra til þátttöku í foreldraráði svo unnt sé að velja fulltrúa með lýðræðislegum hætti.	Á fundi með foreldraráði verður leitað frekari leiða til að hvetja foreldra til þátttöku í foreldraráði.  Á aðalfundi í september ár hvert fer fram kosning í ráðið. Fyrir fundinn verður sendur út tölvupóstur og óskað eftir framboðum.	Júní 2020.	September 2020.	Leikskólastjóri, Foreldraráð.	Janúar 2021. Metið hvernig til tókst.
Bæta mætti upplýsingastreymi til foreldra og hafa það markvissara svo sem með vikulegum póstum frá deildum.	Senda tölvupóst mánaðarlega til foreldra með áhersluþáttum næsta mánaðar.	Mars 2020.	Ótímabundið.	Deildarstjórar.	Apríl 2021. Foreldrakönnun.
Hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu leikskólans á fleiri tungumálum.	Láta þýða foreldrahandbók leikskólans yfir á ensku og pólsku.	Maí 2020.	Maí 2021.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri.	Júní 2021. Foreldrahandbækur birtar á heimasíðu leikskólans.



Umbótapáttur, tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Endurmat, hvenær/hvernig
Skóli án aðgreiningar					
Æskilegt er að hafa verkferla og skipulag sérkennslu í leikskólanum skriflegt ásamt því hvernig upplýsa skal starfsmenn um þroskafrávik barna.	Skriflegir verkferlar og skipulag sérkennslu er til, verða settir í handbók starfsmanna.	Maí 2020	Júlí 2020	Sérkennslustjóri.	Ágúst 2020. Uppfærð handbók starfsmanna verður gefin út.
Æskilegt er að til séu verkferlar varðandi börn með annað móðurmál en íslensku.	Vinna er hafin við gerð móttökuáætlunar barna með annað móðurmál en íslensku. Þar verður einnig gerð grein fyrir vinnu með börnin eftir að aðlögun líkur.	Vinna er hafin.	Desember 2020.	Faghópur.	Janúar 2021. Móttökuáætlun birt í foreldrahandbók.
Efla þarf ráðgjöf og leiðbeiningar hvað varðar sérkennslu til starfsmanna á deildum.	Efla á ráðgjöf og leiðbeiningar til starfsmanna á deildum um sérkennslu. Ætlunin er að nýta til þess skipulagsdaga og/eða starfsmannafundi.  Upplýsa á starfsmenn deilda um þroskafrávik barna, einstaklingsáherslur og veita ráðgjöf þar um eftir þörfum.	Maí 2020.	Ótímabundið.	Sérkennslustjóri.	Apríl 2021. Starfsmannakönnun.

Umbótapáttur, tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Innra mat</b>					
Æskilegt er að í matsteymi séu fulltrúar frá öllum hagsmunahópum s.s. leikskólakennurum, starfsfólki og foreldrum.	Tryggt verður að í framtíðinni verða fulltrúar frá öllum hagsmunahópum í matsteymi.	Ágúst 2020.	Ótímabundið	Matsteymi.	Metið.
Hrinda þarf áformum um þátttöku barna í innra mati í framkvæmd.	Þátttaka barna í innra mati er hafin og vinna á langtíma áætlun um mat barna.	Febrúar 2020.	Maí 2021.	Matsteymi.	Júní 2021, útgefin áætlun.
Leita ætti leiða til að þróa mat leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum.	Matsteymi vinnur áætlun um mat starfsmanna á eigin starfsháttum í samráði við starfsmenn.	Ágúst 2020.	Maí 2021.	Matsteymi.	Júní 2021. Útgefin áætlun.